

Fundur skólaráðs 10 des kl 08:15

Mættar voru: Katrín Björk, Ágústa, Rannveig, Elísa og Ólafía

Skóladagatal fyrir 2020-2021 Drög lögð fram til kynninga. Lagt er upp með að hafa samræmi milli skóla og leikskóla í bænum eins og hægt er, en taka þó tillit til námsferða og ráðstefna sem einstaka skólar sækja. Sameiginlegur fræðsludagur 2.október v/menntakviku HÍ.

Fjárhagsáætlun fyrir 2020. Samþykkt af bæjarráði um mánaðarmótin, stofnanir fengu sínar áætlanir samþykktar. Þrúður leitaði tilboða um kaup á tækjum í eldhúsið í haust svo hægt yrði að sækja um fjármagn í fjárhagsáætlun 2020. Endurnýja þarf þau úreltu notuðu tæki sem sett voru upp hér þegar skólinn tók til starfa. Samþykki fékkst.

Starfsmannahald um áramót. Þrír kennarar sóttu um auglýsta stöðu í haust þegar auglýstum aftur eftir að kennari hætti í október. Einn kennari var ráðin þá og hóf störf fljótlega annar kennari var líka ráðin og mun hefja störf um áramótin. Það verður því ekki þörf á að auglýsa kennarastöður vegna fæðingarorlofs. Nokkrar fyrirspurnir hafa borist um störf hér í desembermánuði. Einn starfsmaður á S

Fyrirhugaðar rakamælingar. Verkfræðingur frá EFLU Þórunn er væntanleg miðvikudaginn 11 des og mun rakamæla vegg í skólanum og setja upp loftgæðamæla.

Mötuneytismál áfram til umfjöllunar hjá skólastjórnendum og fræðsluskrifstofu.

Ný öryggiseyðublöð. Foreldrum voru send ný öryggiseyðublöð til útfyllingar til samræmis við eyðublöð öryggishandbókar frá ráðuneytinu.

Öryggismál •<https://www.frettabladid.is/frettir/ny-vidmid-um-adgengis-og-oryggismal-i-skolum/> -

Lagt fram svarbréf frá Krikaskóla til fræðsluviðs um aðgengi utanaðkomandi og óviðkomandi aðila í skólann. Umræður urðu um sérstöðu Krikaskóla og yfirlýst ánægja var með fyrirkomulagið eins og það er. Hér eru þeir fullorðnu flestum kunnugir, ýmist sem nágrannar eða fjölskyldumeðlimir.